

Alþingi

Erindi nr. P 140/682

komudagur 7.12.2011

1. desember, 2011

Umsögn frá Svavari Kjarrval Lútherssyni um:
Tillögu til þingsályktunar um prest á Þingvöllum
140. löggjafarþing 2011–2012.
Þskj. 74 — 74. mál.

Í anda jafnræðisreglunnar tel ég að Alþingi ætti ekki að samþykkja þessa þingsályktunartillögu. Fyrst og fremst er verið að semja við eitt ákveðið trúfélag um trúarlega þjónustu og þar að auki ætti íslenska ríkið ekki að grípa frekar inn í starf þjóðkirkjunnar.

Greinargerð tillögunnar inniheldur einnig margt athugasvert sem ég kemst ekki hjá því að gera athugasemd við. Vil ég mótmæla yrðingu flutningsmanna um að upptaka kristni á Þingvöllum árið 1000 hafi gert Íslendinga að einni þjóð í þeirri merkingu sem flutningsmenn vilja meina. Það ár var upphaf trúarófrelsis þar sem þeir sem aðhylltust goðatru urðu að blóta á laun, ellegar yrðu þeir ofsóttir. Ástæðan fyrir þessari upptöku kristni var vegna afarkostar þeirra sem iðkuðu trúna því annars hefðu þeir efnt til stríðs. Að láta undan slíkum afarkostum telst tæplega til góðra háttá.

Einnig slá flutningsmenn upp þá yrðingu að ekkert myndi benda til annars en að messur í Þingvallakirkju yrðu vel metnar. Auðvitað yrðu þær vel metnar af einhverjum, eins og til dæmis flutningsmönnum sjálfum, og ég myndi varla meta það vel ef skattfé færi í að greiða fyrir helgihald einstaks trúfélags.

Ekkert stoppar það að þjóðkirkjan sjálf ákveði að sínu eigin frumkvæði að halda messur í Þingvallakirkju og ætti það ekki að kosta mikið að senda prest þangað aðra hverja helgi. Nóg er af prestum á landinu til að sinna því hlutverki svo ekki þyrfti að ráða prest sérstaklega í verkið.

Mæli ég með því að nefndin **samþykki ekki** tillöguna.

Undirritað,

Svavar Kjarrval Lúthersson

Svavar Kjarrval Lúthersson